



Seltjarnarnesi, 6. mars 2020

Ágætu foreldrar/forráðamenn barna í Skjóli og Frístund

Boðuð verkföll félagsmanna Sameykis og Eflingar hefjast mánudaginn 9. mars ef samningar nást ekki fyrir þann tíma. Komi til verkfalla verður lokað í Skjóli og Frístund, þar sem allt starfsfólk er í þessum félögum.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að fylgjast með fréttum í fjölmiðlum og á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar, um hvort komi til verkfalla og á meðan þau standa yfir ef til kemur.

Komi til verkfalls mun Seltjarnarnesbær ekki innheimta gjöld fyrir þá daga sem börn geta ekki notið þjónustu, auk þess sem gjöld fyrir aprílmánuð verða ekki send til innheimtu fyrr en að verkfalli loknu. Þeir dagar sem búið er að innheimta fyrir marsmánuð verða dregnir frá næsta greiðslumánuði, ef til verkfalls kemur.

Vonandi ná samningsaðilar samkomulagi þannig að ekki komi til skerðingar á þjónustu í Skjóli og Frístund.

Virðingarfyllt

Baldur Pálsson,
Sviðsstjóri
Fjölskyldusviðs Seltjarnarnesbæjar